



FERÐATRYGGING

Allir þátttakendur eru með ferðatryggingu hjá Sjóvá frá og með brottfarardegi og til og með komudegi til Íslands eða þess áfangastaðar sem viðkomandi þátttakandi ferðast til.

Sjóvá tryggir samkvæmt váttryggingarskilmálum nr. 347 um ferðatryggingu og almennum skilmálum nr. 001.

Innifalið	Váttryggingarfjárhæð
Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging	10.000.000 kr.
Eigin áhætta	25.900 kr.
Dánarbætur vegna ferðaslyss	5.000.000 kr.
Örorkubætur vegna ferðaslyss	10.000.000 kr.
Váttryggingarfjárhæðir gilda fyrir hvern váttryggðan.	

Rétthafi dánarbóta Dánarbætur renna til maka. Ekki er átt við maka í óvígðri sambúð. Láti váttryggður ekki eftir sig maka falla dánarbætur til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Skilmáli íþróttáhættu Váttryggingin nær einnig til slysa, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hverskonar íþróttum. Þó eru undanskilin slys, sem verða í fjallaklifri, bjargsigi, hnefaleikum, hverskonar glímu, akstursíþróttum, svifflugi, drekaflugi, fallhlífarstökki og froskköfun, nema annað sé sérstaklega tilgreint í váttryggingarskírteininu.

Tryggingin gildir á ferðalagi utan Íslands.

Við hvetjum þig til að kynna þér vel þá skilmála sem um váttrygginguna gilda.

